

**Nd.** **591. Frumvarp til laga** [242. mál]  
um breyting á lögum nr. 88 20. des. 1968, um breyting á lögum nr. 62 18. maí 1967,  
um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Fyrir orðin „tímabilinu 1. jan. til 30. apríl 1969“ komi: tímabilinu 1. jan. til  
10. maí 1969.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Heimild sú til veiða með botnvörpu og flotvörpu í fiskveiðilandhelgi, sem veitt  
var með lögum nr. 88 22. des. 1968, um breyt. á l. nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn  
veiðum með botnvörpu og flotvörpu, gildir aðeins til loka þessa mánaðar.

Augljóst er, að ekki vinnst tími til að afgreiða fram komið frv. um veiðar með  
botnvörpu og flotvörpu á þeim tveimur dögum, sem eru til mánaðarmóta. Frv.  
þetta gerir því ráð fyrir, að lögín frá 20. des. s. l. verði framlengd um 10 daga, til  
þess að Alþingi gefist tóm til að athuga og afgreiða hið nýja frv.